



Alþingi

Nefndasvið

Austurstræti 8 - 10

150 Reykjavík

b.t. [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík 27. mars 2017

Umsögn Félags íslenskra bifreiðaeigenda um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um orkuskipti, 146. mál.

Félag íslenskra bifreiðaeigenda fagnar þingsályktun um aðgerðaráætlun um orkuskipti. Félagið hefur á liðnum árum tekið þátt í starfi Grænu orkunnar og öðru starfi sem miðað hefur að opinni og gagnrýnni umræðu um orkuskipti í samgöngum á landi.

Íslensk stjórnvöld hafa á liðnum árum haft á stefnuskrá sinni að auka orkuskipti í samgöngum. Með aukinni tækniþróun er ljóst að orkuskiptin eru líklega skemmra undan en áður var talið og það skiptir okkur sem samfélag miklu að það sé gert með sem hagkvæmustum hætti. Markmiðið er að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og losun gróðurhúsalofttegunda.

Rafbílar eru í örri þróun og eru alvöru valkostur í samgöngum. Tæknilega og rekstrarlega eru rafbílanir orðnir mun betri. Stjórnvöld hafa einnig eftt tímabundið samkeppnishæfni rafbíla með því að fella niður innflutningsgjöld og virðisaukaskatt. FÍB fagnar þessum aðgerðum stjórnvalda til þess að draga úr hindrunum við innleiðingu á nýrri og umhverfisvænni tækni. Jafnframt er það jákvætt að setja inn í magn- og tímaramma í stað núverandi framkvæmdar sem hefur miðast við bráðabirgðaákvæði til eins árs í senn.

Félagið varar við hugmyndum um sérstaka refsingu á notkun hefðbundinna sprengihreyfilsbifreiða á sama tíma og verið er að veita ívilnanir til að auka samkeppnishæfni ökutækja sem nýta endurnýjanlega orku.

FÍB telur að stjórnvöld eigi alfarið að falla frá notkun endurnýjanlegs eldsneytis sem hefur árif á fæðuframléiðslu og landnotkun. Núverandi íblöndun á regskógaeyðandi pálmaolíu frá Malasíu í dísilolíu á Íslandi er aðgerð sem er aðför að umhverfinu og lítilsvirðandi gagnvart markmiðinu um sjálfbærni í orkunotkun.



Hér á landi er nánast öll raforka endurnýjanleg framleiðsla. Nú þegar er til næg raforka í landinu til að fullnægja orkuþörf alls bifreiðaflota landsmanna. Rafbíllinn hentar íslenskum orkubúskap mjög vel sérstaklega í ljósi frekari framþróunar rafbíla og rafhlaðna. Allt þetta gefur Íslandi mikla möguleika á að verða meðal fremstu þjóða um nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum og til húshitunar.

Rafbílar eru aðeins lítið hlutfall af heildar bílaflota landsmanna. Uppbygging innviða s.s hraðhleðslustöðva er skammt á veg kominn en þróunin hefur verið jákvæð og þeir hvatar sem boðaðir eru í þingsályktuninni jákvæðir.

FÍB telur mjög mikilvægt að setja þegar inn ákvæði í byggingareglugerð varðandi uppbyggingu innviða fyrir vistvænar bifreiðar við heimili og vinnustaði (B.3). Settar verði reglur um rafbílahleðslu á bílastæðum nýbygginga við íbúða- og atvinnuhúsnæði.

FÍB tekur undir og leggur áherslu á mikilvægi þess að fræða almenning um orkusparnað. Félagið hefur staðið fyrir sparaksturskeppnum og fræðslu til bifreiðaeigenda um mikilvægi góðaksturs til að spara í rekstri og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum heimilisbíla. Það er þekkt í nágrannalöndum okkar í Skandinavíu að nota svokallaða hreyfilhitara sem tengdir eru við heimilisrafmagn yfir kaldari mánuði ársins. Rannsóknir sýna að notkun hreyfilhitara getur dregið verulega út eldsneytisnotkun.

Undir liðnum A.1. er talað um endurskoðun á gjaldtöku í samgöngum. Þar er nefnt að starfshópur um endurskoðun skattlagningar ökutækja og eldsneytis skili nánari tillögum. Við hjá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda óskum eftir aðkomu að þessum starfshópi. FÍB eru hagsmunasamtök 16 þúsund bifreiðaeigendafjölskyldna með það að markmiði að efla umferðaröryggi, umferðarmenningu og gæta hagsmuna vegfarenda. Í lögum félagsins segir m.a. félagið skal veita stjórnvöldum ráðgjöf og umsögn í öllum erindum er varða ökutæki og umferðarmálefni. Félagið vill stuðla að auknum valkostum og frelsi í samgöngum. Félagið vill tryggja hreyfanleika með hagsýni, umhverfisvitund og öryggi vegfarenda að leiðarljósi.

Virðingarfyllst,

f.h. Félags íslenskra bifreiðaeigenda.



Runólfur Ólafsson

Framkvæmdastjóri